

MARGRÉT ANN THORS

Sann-leikurinn

Að ganga inn í umbreyttu Wal-Mart-bygginguna, sem nú hýsir Flatirons-kirkjuna í Lafayette í Colorado, er ekkert ósvipað því að koma inn í Ikea. Séra Jim Burgen orðaði það svona: „Húsið okkar lítur út eins og afkvæmi byggingavörverslunar og fasteignafélags.“¹

Til beggja handa eru langborð með frú kaffi, tei, vatni og kekkökum í pappamálum. Beint fyrir framan mig er nútímaleg útgáfa af fatahengi, þar sem foreldrar nota tölvubása til að skrá börnin sín í barnamessu og fá útprentaða kvittun fyrir. Í anddyrinu hafa verið sett upp útileguborð, risaskjái og upplýsingastandar og þar hafa fulltrúar frá hinum ýmsu háskólakirkjum komið sér fyrir. Merkingar minna á hafnaboltaleikvanga. Mér líður eins og ég sé á tónleikum.

Ég er í vissum skilningi á tónleikum. Á sviðinu er tólf manna band. Að tjaldabaki er fimm manna flokkur tækni- og ljósamanna. Lögin sem bandið flytur – allt frá Thriller poppstjörnnunnar Michaels Jacksons til gospelsmellsins „What a Beautiful Name“ með Hillsong Worship – eiga eftir að enduróma í höfðinu á mér vikum saman.

Á einum veggnum er risastór mynd sem samanstendur af þúsundum lítilla ljósmynda af flúruðu hörundi. Saman mynda þær brjóstbak og upphandleggi manns sem er með tvíhöfðann krepptan. „Húðflúr er ekki bara skraut,“ segir séra Burgen. „Það segir sögu manneskjunnar.“² Hann ætti að vita það: Hann er með húðflúr úti um allt. Þegar hann predikar notar hann húðflúrinn á sér stundum sem gátt að guðspjöllunum eða öfugt. Hann á það til að varpa upp myndum af sér í hermannaþingi í felulitum og með veiðirifil í hendinni. Oft talar hann um lyftingar.

¹ James P. Long, „How to Really Be a Church Where All Are Welcome“, *OutreachMagazine.com*, 20. október 2013, sótt 20. janúar 2024 af <https://outreachmagazine.com/ideas/retention/5460-unclenching-fists.html>

² Sama heimild.



„Við viljum vera kirkja sem höfðar til karla,“ sagði Dan Foote, prestur karlasafnaðarins. „Við snertum hjarta fjölskyldunnar með því að snerta hjörtu karla.“³ Kannski er þetta ástæðan fyrir því að í lagi sem bandið spilar einna oftast er Guð kallaður „öflugur bardagamaður“ í viðlaginu og Jesús „mikill herforingi.“⁴ Þessi angi kristinnar er karlmannlegur og rammefldur. Kirkjan bjó meira að segja til hlaðvarp, „Wake Up Call“, eingöngu ætlað körlum. Séra Foote sagði rökin fyrir því vera þessi: Með því að umbreyta hjarta karlmanns umbreytir maður hjarta fjölskyldu hans. Brauðmolaumbreyting.

Þó að Flatirons-kirkjan sé staðsett í einu veraldlegasta héraði landsins, reynir hún að vera staður þangað sem öll – allir hlutar allra – eru velkomin. Einkunnarorð kirkjunnar eru „Ég líka“ eða með öðrum orðum: *Sama hvað þú ert að ganga í gegnum, þá hef ég gengið í gegnum það líka. Ör þín, húðflúr þín, reynslusögur þínar, efasemdir þínar, allt er það velkomnið hér.* „Málið með Flatirons-kirkjuna,“ segir séra Burgen, „er að maður getur tilheyrt henni löngu áður en maður trúir á þetta Jesús dæmi.“

Fólk röltir í sætin sín með Starbucks-bolla, granólastangir og nokkrar kexkökur í boði hússins. Sum, eins og ég, samviskusami nemandinn, grípa Biblíu í pappírskilju úr stöflunum aftast í salnum. Þúðarnir eru úr plussi og stólbökunum má halla – þetta er eitthvað annað en trébekkirnir í lútersku kirkjunni sem ég sótti í æsku. Stundum veit ég ekki hvert ég á að horfa, vegna þess að mig langar að horfa á allt: Á textana sem renna eftir stóru skjáunum, á útrétta arma og upplyftar hökur fólksins fyrir framan mig, á neonljósin sem flökta yfir sætin á gólfinu.

Ég er með skriffæri með mér og minni mig á – sannfæri sjálfa mig um það – að ég sé hingað komin til þess að taka niður punkta. Ég er hingað komin til þess að kynna mér, sem lið í doktorsnámi mínu í menntunarfræðum, hvernig nám og kennsla lítur út í kristilegu samhengi.

Ég vil líka finna skýringu á því af hverju það fer straumur um mig í hvert skipti sem þau gefa sig Guði á vald með því að teygja þúsundir handleggja til himins. Mig langar að vita af hverju hugurinn hvarflar oftast en ekki til einhvers sem presturinn sagði í predikun vikunnar. Mig langar að skilja af hverju þessi staður er óvænt farinn að toga í mig.

*

³ Steve Rees, „Meet the Manly Megachurch Behind This Controversial Message on Beer, Marijuana“, *CharismaNews.com*, sótt 1. febrúar 2024 af <https://www.charismanews.com/us/44410-meet-the-manly-megachurch-behind-this-controversial-message-on-beer-marijuana>

⁴ Elevation Worship, „Mighty Warrior“, *Only King Forever*; Essential Worship, 2014.

Áhugi minn á andlegum málefnum held ég að eigi rætur að rekja til sumranna sem ég spilaði fótbolta við frændsystkini mín í miðnætursólinni á Snæfellsnesi í æsku og sagnanna sem pabbi sagði af huldufólki sem bjó í Þvottahúsinu hjá Sig-rúnu frænku, já og þess sem ég sá úr aftursæti á jeppa sem við höfðum fengið að láni: úfin hraun, svartar sandstrendur, mistur sem sveipaði fjallshlíðar þar sem kindur voru á víð og dreif. Ég held að það hafi verið Ísland sem kenndi mér fyrst að finna fyrir lotningu, fyrir fegurð og harðneskju náttúrunnar, fyrir því hvað það er ljúft að finna fólk – aðallega frændsystkini – sem maður á í raun og sann samleið með.

Það var líka Ísland sem kenndi mér um mótsagnir, tvískiptingu, um að tefla hlutum saman: vetur án dagsbirtu og sumur án náttu, eldspúandi fjöll og risastóra jökla, kirkjur úti um allt en samt ansi lítið sóttar.

Íslenska orðið *trú*, sem er haft um trúarbrögð, er borið fram eins og enska orðið „true“. Þetta orð er líka haft um skoðun og traust.

Í orðsifjum þess virðist vera tenging milli trúar og sannleika: Að hafa trú á einhverju er að taka eitthvað trúanlegt. Að aðhyllast trúarbrögð er að trúa á kennisettingar þeirra – líka þegar þær virðast ekki geta verið sannar. Aðgerðasinninn og uppfærðarinn Parker J. Palmer skrifaði: „Andlegur sannleikur virðist oft vera í mótsögn við sjálfan sig þegar mælistika veraldarinnar er lögð á hann.“⁵ Sannleikurinn sem við tölum um þegar við tölum um trú er því af öðru tagi en sá sem við sjáum þegar við beitum hyggjuviti okkar í daglegu lífi.

Samspil trúar og sannleika vekur forvitni mína vegna þess að það hefur í rauninni aldrei skipt mig máli hvort Biblíusögurnar – eða sögur yfirleitt ef út í það er farið – séu sannar í bókstaflegum skilningi. Kannski af því að fyrstu biblíurnar mínar voru veraldlegar – skáldsögur á borð við *Bjargvettinn í grasinu* eftir J. D. Salinger, *Út í vitann* eftir Virginíu Woolf, *Absalon! Absalon!* eftir William Faulkner – hef ég tilhneingingu til þess að taka táknrænan og tilfinningalegan sannleika fram yfir þann bókstaflega. Ég er til í að kasta vantrúnni fyrir róða þegar góð saga er annars vegar.

Það hvað ég lét mér fátt um staðreyndir finnast kom mér í klípu þegar ég var í meistaranámi í sannsagnaskrifum. Ég átti í löngum samræðum við samnemendur og kennara um það hvað flokkaðist undir sannsögulegt efni, sér í lagi þegar því hafði verið breytt í „sögu“. Skiptir máli hvort ég segi hálsklút móður minnar rauðan eða grænan ef það breytir engu? Verð ég að sleppa honum alveg ef ég man ekki nákvæmlega hvernig hann var á litinn? Og hvað með minnið – við vitum að það er bríðdult, við vitum að í hvert skipti sem við köllum fram

⁵ Parker J. Palmer, *The Promise of Paradox*, Notre Dame: Ave Maria Press, 1980, bls. 19.

minningu endurskoðum við hana og umritum í ljósi þess sem við erum orðin þá.⁶ Hvað með það þótt ég viti að slæðan hennar mömmu hafi verið rauð en segi hana hafa verið græna – fari með hvíta lygi – til að koma betur til skila *tilfinningalegu* inntaki senunnar?

Hvað skiptir með öðrum orðum mestu máli, bókstaflegur sannleikur (það sem Palmer kallaði „mælistiku veraldarinnar“) eða táknrænn sannleikur, tilfinningalegur sannleikur, „andlegur sannleikur“?

Á endanum var mér ráðlagt að færa mig yfir í skáldsagnanámið. „Við vinnum eingöngu með sannleikann,“ sagði deildarforsetinn. Hinn bókstaflega sannleika, átti hann við. „Ef við sveigjum reglurnar fellur bókmenntagreinin um sjálfa sig.“

*

Íslenska orðið *trúarbrögð* er annað og aðeins lengra orð yfir að trú á eitthvað. *Brögð* getur ýmist vísað til þess að bragð sé að einhverju eða til þess að beita brellum. Samkvæmt þessu merkir trúarbrögð „bragðtegundir af trú“ eða „trúarbrellur“.

Bragðtegundir af því sem er „true“, brellur í nafni þess sem er „true“.

Ég er hrifin af þeirri hugmynd að það sé bragð að trúnni, að hún hafi mismunandi keim: Þar séu sannindi sem eru ekki fullkomlega sönn vegna þess að þau virðast ekki fullkomlega möguleg.

„Sannleiksbrellur“ hafa aftur á móti vafasamari og jafnvel niðrandi skírskotanir. Það minnir mig á hugtak í hindí, *lila*, sem er vanalega skilgreint sem „guðlegur leikur“ – heimurinn geti verið dálítið dutlungafullur, óskammfeillinn, hrekljóttur. Þetta fær mig svo til að hugsa um guðinn Loka, sem var þekktur fyrir að vera brögðóttur. Hugurinn ber mig líka til Friedrichs Nietzsches, sem kallaði sig níhilista, og hans frægu orða: „Ég myndi einungis trú á Guð sem kann að dansa.“⁷ Þegar ég hugsa um *dans* hugsa ég um *leik*. Þegar ég hugsa um *leik* hugsa ég um *brögð*.

Brögð geta falið í sér leik – en þau geta líka falið í sér illsku. Ofbeldi, ofsóknir, hræsni og áföll eru gjarnan fylgifiskur trúarbragða. Fólk hefur valdið ólýsanlegum harmkvælum og hryllingi í nafni trúarbragða; það er að því í þessum töluðu orðum.

Þetta er satt. En ég freistast til að trú á því að þetta sé ekki allur sannleikurinn.

⁶ Sjá til dæmis Ruthellen Josselson, „The Present of the Past: Dialogues With Memory Over Time“, *Journal of Personality* 3/2009, bls. 647–668.

⁷ Friedrich Nietzsche, *Thus Spoke Zarathustra*, ritstjóri/þýðandi R. J. Hollingdale, New York: Penguin Classics, 1961, kaffi VI.

Í bók sinni *The Case for God* gerir Karen Armstrong því skóna að trúhneigð sé manningum eðlislæg og heldur því fram að allar götur frá því að við tókum að rista í hellisveggi og benda til himins höfum við staðið fyrir helgiathöfnum sem ljái lífsreynslu okkar merkingu. „Eins og list“ – önnur mannleg hneigð sem er okkur eðlislæg – „eru trúarbrögð,“ segir Armstrong, „tilraun til að búa til merkingu frammi fyrir þjáningu og óréttlæti sem við mætum linnulaust í lífinu.“⁸

Við mennirnir, ólíkt öðrum lifandi verum, vitum að við megum okkar lítils, að við erum dauðleg. Og þess vegna kunnum við að hafa þróað trúarathafnir, ekki sem fánýtan hégóma eða brellur, heldur sem undirstöðuatriði í lífsbaráttunni. Kannski gerir inngreypt tilfinning fyrir trú, þeirrar tegundar sem „við gefum okkur af öllu hjarta á vald og leyfum að orka á okkur,“⁹ eins og Karen Armstrong orðar það, okkur „hæfari“ í lífsbaráttunni. Líklegri til að lifa af.

*

Ég hugsa meira en góðu hófi gegnir um dauðleikann. Sérstaklega minn eigin dauðleika.

Þegar ég var tuttugu og tveggja ára fékk ég heilablóðfall á jóladagsmorgni þar sem ég stóð í eldhúsinu á æskuheimili mínu. Mánuði seinna kom hjartasérfræðingur á spítala í New York fyrir títanbúnaði í hjarta mínu til að loka gati sem ég vissi ekki að ég hefði fæðst með.

Nokkrum mánuðum síðar einsetti ég mér að hugsa betur um heilsuna og fór á fund kvensjúkdómalæknis sem sagði mér að það væri ekki ráðlegt fyrir mig að ganga með börn.

„Það er of mikil áhætta,“ sagði hún, „í ljósi sjúkrasögu þinnar.“

Í hverri ritmið sem ég hef skrifað um sjálfá mig síðan hef ég nefnt þetta samtali. Ég hef blásið þetta augnablik út. Oft hef ég einsett mér að sleppa því en ekki haft erindi sem erfiði; það virðist alltaf brýnt, nauðsynlegt. Mér finnst að ég segði ekki sannleikann, allan sannleikann, ef ég segði ekki frá þessu.

Mér fannst lengi vel að heilablóðfallið – þessi skyndilegi skortur á tilfinningu vinstra megin, þetta sekúndubrot áður en ég skall í gólfíð – væri vogarás lífs míns, fyrir og eftir augnablikið.

En nú held ég að svo sé ekki.

Nú held ég að það hafi verið þetta síðdegi á stofu kvensjúkdómalæknisins – hvernig hún sagði mér fyrirvaralaust, alveg óumbeðin, að ég gæti ekki orðið móðir – sem klauf líf mitt í tvennt.

⁸ Karen Armstrong, *The Case for God*, New York: Knopf, 2009, bls. 8.

⁹ Sama heimild, bls. 8.

En samt: Næstum áratug eftir þetta læknisviðtal varð ég ólétt. Því fylgdi sannarlega áhætta – meðgangan var sögð mjög áhættusöm. Ég vonaði að hún yrði ekki „of áhættusöm“.

Ég sprautaði blóðþynnandi í mjaðmirnar á mér og magann svo ég varð öll í doppum. Ég fór vikulega á spítalann í eðfurlit. Ég hummaði lög með Taylor Swift fyrir pínulitlu frumukúlurnar sem voru að skipta sér og margfalda sig inni í mér. Ég fór með bænir.

Viku eftir jákvæða óléttuprófið, þegar barnið var á stærð við baun, datt mér í hug að fara í kirkju. Ég hafði ekki farið í kirkju í mörg ár, ekki síðan ég flutti frá Colorado til Íslands. Ég skoðaði tilkynningar um guðsþjónustur á ensku í bænum og sagði þáverandi manningnum mínum að ég ætlaði að skreppa út. „Hvert ertu að fara?“ spurði hann, maðurinn sem trúði ekki á neitt, ekki einu sinni á mig eins og átti eftir að koma á daginn. „Bara út,“ sagði ég.

Ég sat ein úti á enda á kirkjubekknunum, með lófana á maganum. Þegar tónlistin fór að hljóma – instrumental lag sem ég kannaðist ekki við – fannst mér bókstaflega sem amma mín, nafna mín, sæti við hliðina á mér. Hún hafði verið dáiin í hálfan annan áratug – það vissi ég – en samt var ég handviss um að hún væri þarna. Þetta var ekki nærvera heldur var hún þarna.

Amma var ekki trúuð manneskja. Í brúðkaupsveislu frænda míns fékk hún sér aðeins of mikið neðan í því, eins og frægt varð, og endaði í sætinu við hliðina á prestinum. „Jæja, hvað heldurðu, séra minn?“ sagði hún. „Er hann í raun og veru þarna uppi?“ Og samt hafði hún komið til mín þarna, í kirkju í fæðingarlandinu sínu, og fært mér þrenns konar sannindi.

Í fyrsta lagi að barnið, sem á þessum tíma var ekki annað en frumuklasi einhvers staðar djúpt í maganum á mér, yrði stúlka.

Í öðru lagi að það yrði allt í lagi með hana.

Í þriðja lagi að hún myndi heita Þórunn Margrét.

Þær þrjátíu og fimm vikur sem eftir voru af meðgöngunni var ég hvergi bangin. Ég vissi – það var vissa runnin í merg og bein, vissa með stóru V-i sem eyðir efa og angist – að þetta var sannleikanum samkvæmt.

Dóttir mín er nú fjögurra ára. Hún heitir Þórunn Margrét. Það er allt í lagi með hana. Og líka með mig.

*

Í Flatirons var gantast með það að kirkjan þeirra væri þrautlendingin. Fólkið þar lítur á sig sem róttæklinga, byltingarsinna. Þetta er fólk sem er tilbúið að taka

inn þau ráðvilltu, uppgefnu, buguðu, breysku og fátæku – manneskjurnar sem Jesús talaði til.

„Ef þú ert hér í kvöld og enn að bögglast með þetta Jesúdæmi,“ sagði einn af ungmennaleiðtogum kirkjunnar, „þá var ég í sama pakka. Ég gekk ekki inn í þetta hús fyrir sjö árum með það í huga að hjálpa öðrum. Kannski ertu á sama báti og ég var og veist ekki af hverju þú ert hérna, finnur bara að það er togað í hjartað í þér.“

Viku eftir viku mætti ég þangað – á safnaðarfundum eða í guðsþjónustu og hripaði niður punkta um málskrúðlist og frásagnaraðferðir og kristna kennslufræði, en fékk líka gæsaþúð þegar kristleg lög voru sungin og fannst stelpurnar í biblíulestrarhópnum mínum *sjá* mig. Jú, femínistinn í mér engdist þegar safnaðarleiðtogar sögðu eitthvað á borð við: „Við konurnar viljum svo gjarnan að þið karlarnir séuð betri en þeir feður okkar sem stungu af, betri en laugardagsgaurar á barnum, betri en hrottafengnir kærastar.“ Eins var ég ekki par hrifin af þeirri hugmynd sem sett var fram í predikun að „Jesús sé kóngur. Hann spyr ekki, hann skipar.“ Ég vissi að kirkjan hafði opinberlega skilgreint hjónaband sem sáttmála karls og konu vegna þess að þannig hefði Guð skilgreint það að sögn þeirra. Ég vissi að kirkjan var ekki fullkomin – og þau vissu að ég var ekki fullkomin heldur. Og því hélt ég áfram að mæta. Mér fannst einfaldlega sem togað væri í hjartað í mér.

En á þeim tíma sem ég var í Colorado fór ég að finna fyrir annars konar togi líka. Meira í ætt við verk. Í einni af uppáhaldshendingum mínum úr magnaðri þýðingu Lorins Roches á hinum klassíska íhugunartexta Vijnana Bhairave Tantra segir: „Verkurinn í hjarta þínu er heilagur.“¹⁰ En mér fannst þetta ekki vera heilagur verkur. Mér fannst þetta frekar vera hola – gljúfur sem ég kæmist ekki upp úr.

Það sem gerðist var að ég bauðst til að vera fulltrúi doktorsnema í mennta- vísindadeildinni. Það krafðist þess meðal annars að ég sæti deildarfundum.

Á einum fundinum lýsti einn prófessorinn – kona sem hafði útskrifast úr sama skóla og var tilvonandi deildarforseti – því yfir að henni fyndist að ekki ætti að taka nemendur sem væru mótmælendatrúar inn í grunnnám í kennslufræðum. Hún rökstuddi það með því að þegar hún ólst upp sem eina unga gyðingastúlkan í hverfinu, hefðu fleiri kristnir menn en hún kærði sig um að hafa tölu á reynt að snúa henni frá villu síns vegar. Henni fannst að fólk með svo óbilandi trú ætti ekki heima í veraldlegri skólastofu.

¹⁰ Lorin Roche, *The Radiance Sutras. 112 Gateways to the Yoga of Wonder & Delight*, Boulder, CO: Sounds True, 2014, bls. 133.

„Ég þoli þau ekki!“ glopraði hún út úr sér í gegnum tárin. „Mér þykir það leitt, en ég þoli þau ekki!“

Aðrir prófessorar kinkuðu kalli til samþykkis.

Kvöl þeirra og gremja var þrívíð viðurvist í stofunni. Áþreifanleg. Að hluta til gat ég skilið þetta: Fólki með gjörólíka heimsmynd hafði sært þau eða að minnsta kosti komið við kaunin á þeim. Sennilega bauð þeim við stjórnmalaskoðunum þessa hóps. Sennilega tengdu þau þetta fólk við hræsni, mismunun, afturhaldsemi, áföll. Prófessorarnir höfðu ekki endilega rangt fyrir sér. En þeir höfðu ekki alveg rétt fyrir sér heldur. Það sem þeim fannst vera satt var einungis hluti sannleikans.

En hvað með Lenu? langaði mig að spyrja – rúmlega tvítugan meðlim í ungmennasöfnuði Flatirons sem dreymdi um að verða kennari og hafði einu sinni lýst heiminum fyrir mér sem „fallegu ástarbréfi frá Guði til okkar, fallegu ástarævintýri milli okkar og Hans.“ Og hvað með Ronald, miðaldra mann með ólæknanlegt krabbamein sem tók unga drengi sem höfðu aldrei hitt feður sína undir sinn verndarvæng síðustu þrjá mánuði sína hér á jörð? Og Steve, 140 kílóa ungmennaleiðtoga sem steig mäsandi á svið með svitabletti undir höndunum og á ofanverðu brjóstinu og sagði: „Það er svo gaman að vera með ykkur hér í Flatirons í kvöld! Ég er með svo háan púls að mér líður eins og ég sé nýskriðinn úr ræktinni!“

Öllum prófessorunum í stofunni að óvörum, að því er virtist, lét ég í mér heyra. „Hvernig getur verið í lagi að segja svona?“ sagði ég, taugaóstyrk, óskýrmælt. „Erum við í alvöru að tala um að henda kristnum nemendum út úr umsóknarferlinu? Þetta er fáránlegt.“

Kennararnir komu prófessornum til varnar. Þeir nefndu byssur, þeir nefndu þungunarrof, þeir nefndu T-, þeir nefndu að stór hluti nemendahópsins væri hvítt fólk og ríkt. Þetta var snemma árs 2017, stuttu eftir embættistöku. Það var hiti í fólki, fólk var tortryggið sem aldrei fyrr, örvæntingarfullt, og sundurlyndið óskaplegt.

„Á ekki menntun að vera ferðalag?“ áráddi ég að segja. „Ferli? Við getum ekki ætlast til að nemendur komi fullmótaðir hingað, að þeir trúu öllu sem við trúum, er það? Er það ekki okkar að skapa umhverfi þar sem þeir geta –“

Æviráðinn prófessor sem ég hafði aldrei talað við tók fram í fyrri mér. „Það er allt gott og blessað, en ég er þreytt á að bíða,“ sagði hún. „Sannleikurinn er sá að við megum ekki vera að því að bíða. Ég tek undir með J-. Ég vil ekki sjá þessa kristnu krakka, þessa Trump-krakka, í tímum hjá mér. Þá hef ég sagt það. Ég vil ekki kenna þeim.“

*

Í formála að bók sinni *When God Talks Back* leggur mannfræðingurinn T. M. Luhrmann spennandi spurningu fyrir efasemdafólk (þar á meðal sjálfa sig): „Hvers vegna ætíróðu ekki að trú á Guð ef þú gætir það?“¹¹ Rannsóknir sýna að ávinningurinn af trú er síst minni en af andoxunarefnum eða ofurfæði á markaðnum: betra, lengra og heilsusamlegra líf.¹²

En eins og Luhrmann bendir á snýst „hin mikla ráðgáta trúarinnar“¹³ síður um það *af hverju* einhver ætti að trú á guð en það *hvernig* nokkur manneskja með heila – þetta svampkennda og blauta sigurvek sem Sherwin Nuland kallar „flóknasta líffæri á jörðinni“¹⁴ – getur lifað á mótum trúar og efa. Í því felst grundvallaráskorun hverrar trúaðrar manneskju: hvernig get ég, mannleg vera, helgað mig einhverju „æðra“, einhverju heilögu, þegar ég get ekki með nokkru móti öðlast þekkingu á því?

Það er auðvitað tilgangurinn með trú: Að trú á eitthvað sem „rök heimsins“ geta ekki sannað. Það er þess vegna sem kristni guðfræðingurinn Paul Tillich hélt því fram að efi væri ekki andstæða trúar heldur miklu frekar liður í því að trú.¹⁵

Í doktorsrannsókn minni tók ég viðtöl við nokkra af ungmennaprestum Flatirons-kirkjunnar – karla og konur sem voru fáeinum árum yngri en ég og höfðu kosið að „taka sprettinn á eftir Jesú.“ Ég tók einnig viðtal við bróður minn, sem er tveimur árum yngri en ég og eyddi menntaskólaárum sínum í að reykja gras, spila á gítar og lesa bækur á borð við *The God Delusion* eftir Richard Dawkins og *Food of the Gods: A Radical History of Plants, Drugs, and Human Evolution* eftir Terrance McKenna. „Ég vildi að ég gæti trúað á þetta Jesú-dæmi,“ sagði hann við mig þar sem hann sat við hátt borð á Taco Bell. „Ég get það bara ekki.“

Ég hugsa um spurningu Luhrmann – af hverju ætíróðu ekki að trú á ef þú gætir það?

Ég hugsa um svar bróður míns – ég get það bara ekki – og velti fyrir mér hvað geri það að verkum að fólk tekur trú.

¹¹ T. M. Luhrmann, *When God Talks Back. Understanding the American Evangelical Relationship with God*, New York: Vintage Books, 2012, bls. xvi.

¹² Sjá til dæmis Kevin S. Seybold og Peter C. Hill, „The Role of Religion and Spirituality in Mental and Physical Health“, *Current Directions in Psychological Science* 1/2001, bls. 21–24.

¹³ T. M. Luhrmann, *When God Talks Back*, bls. xvi.

¹⁴ Krista Tippett, *Einstein's God. Conversations about Science and the Human Spirit*, London: Penguin Books, 2010, bls. 42.

¹⁵ Paul Tillich, *Dynamics of Faith*, New York: Harper One, 2009, bls. 24–25.

Ég hugsa líka til þess dags þegar mamma stoppaði mig við fiskifystinn í Whole Foods Market og viðurkenndi að bróðir minn, sem var rétt rúmlega tvítugur, væri háður heróíni og lyfseðilsskyldum verkjalyfjum. Hann hafði skömmu áður verið handtekinn, sagði hún, fyrir að kasta múrsteini inn um glugga á heimavist í háskólanum sem hann stundaði nám við.

Ég hugsa um fyrstu þrjú þrepin í 12-spora meðferðinni: Í því fyrsta þarf maður að gangast við því að hafa ekki stjórn á fíkninni, í því næsta að trúa að æðri máttarvöld geti orðið að liði, í því þriðja að ákveða að gefa sig æðri máttarvöldum á vald.

Ég hugsa um bréf sem ég fékk frá bróður mínum fyrir nokkrum árum þar sem hann baðst afsökunar á að hafa stolið frá mér, logið að mér, snúið við mér baki, sært mig. Hann var á níunda spori, að bæta fyrir gjörðir sínar.

*

Fyrir nokkrum árum, þegar ég var enn á kafi í jóga og íhugun, las ég bókina *Help, Thanks, Wow* eftir Anne Lamott.¹⁶ Þar voru annars konar spor – einföld útlitun á því hvernig fólk tekur trú, jafnvel fólk eins og bróðir minn sem „getur það bara ekki“.

Fyrst er grátbeðið á baðherbergisgólfinu um miðja nótt þegar maður er kominn að þolmörkum sjálfs sín: „Hjálp.“

Næst er þakklætið fyrir að fargi sé lyft af manni, að maður geti dregið andann að nýju: „Takk.“

Síðast kemur hæfileikinn til þess að undrast, til að dást að sköpunarverkinu: „Vá.“ Það minnir mig á það sem ég heyrði prestinn Rob Bell einu sinni segja í hlaðvarpsviðtali; ég finn ekki uppskriftina að því svo ég verð að biðja ykkur um að taka orð mín trúanleg. „Við búum á plánetu!“ tilkynnti hann furðu lostinn. „Á *plánetu*, sko. Af hverju tölum við ekki meira um það?!”

Svo mikið af hægvíkkandi heimsmynd dóttur minnar felst í „vá-inu“. Sem kornabarn lá hún á bakinu og teygði hendur og fætur upp í loftið og starði hugfangin á iðandi fingur og tær. Þegar hún var rétt farin að ganga var hún í senn hugfangin og hrædd við stóra risaæðlu sem hreyfðist („Dolly“) á safni fyrir börn nálægt heimabæ mínum. Nú þegar hún er orðin fjögurra ára tekur hún oft um úlnliðinn á mér og dregur mig út að glugga í ljósaskiptunum: „Sjáðu himininn, mamma! Þarna eru allir fallegu litirnir í regnboganum!“

¹⁶ Anne Lamott, *Help, Thanks, Wow. The Three Essential Prayers*, New York: Riverhead Books, 2012.

Mig langar að varðveita í barninu mínu hæfileikann til að upplifa lotningu. Ég vil rækta í henni hæfileikann til að trúa.

*

Um síðustu jól ákvað ég að fara með dóttur mína í fjölskylduguðsþjónustu í mótmælendakirkjunni sem ég hafði sótt (óreglulega þó) þegar ég var krakki. Við pabbi hennar vorum í miðjum skilnaði og ég hafði eytt mörgum kvöldum í „hjálpar“-fasanum hennar Lamott. Kirkjan gæti orðið mér akkeri, hugsaði ég með mér.

En mér gekk fleira til: Pabbi hennar ætlaði að verja jólonum með okkur heima hjá foreldrum mínum. Guðsþjónusta gæti verið leið til að komast út úr húsi.

Í dyrunum vorum við mæðgurnar stöðvaðar af tveimur konum með stóra plastkassa sér við hlið. „Í kvöld er búningaleikur!“ tilkynnti önnur þeirra. Hún dró stórt skyggni upp úr kassanum, hvítt með svörtum óreglulegum slettum. „Get ég beðið þig um að vera *kýr*?“ spurði hún mig.

Þetta eru ekki orð sem kona á miðjum fertugsaldri vill heyra, allra síst kona sem hefur varið undangengnum þremur og hálfu ári að miklu leyti í að gefa barninu sínu brjóst og fundist hún vera nautgripur. „Auðvitað,“ sagði ég. „Ég skal vera *kýr*.“

„Og þú, litla prinsessa,“ sagði konan við dóttur mína. „Myndir þú vilja vera engill?“ Hún rétti okkur glansandi gullspota og kórónu úr silfrúðu englahári.

Dóttir mín renndi þumli eftir glansandi sprotanum, tók svo um höndina á mér og hvíslaði: „Það er gaman í kirkju, mamma.“

Við lögðum leið okkar að bekk nokkrum röðum frá altarinu. Á meðal okkar voru *kýr*, kindur, smalar, stjörnur og auðvitað englar. Sögunni og söngvunum var skipt upp eftir tegundum: Fyrst stóðu smalarnir upp og sungu, svo stjörnurnar og loks dýrin. Eins og fyrir var lagt stóð ég upp, lagaði kúaskyggnið og kyrjaði hressilega „Í Betlehem er barn oss fætt“ ásamt öðrum búpeningi. Næst komu englarnir.

Þeir höfðu stærra hlutverk í leiknum. Þeir voru beðnir að fylgja englinum Gabríel, sem leikinn var af kubbslegum strák, upp að altarinu. Fram kirkjuskipið gekk fríður flokkur lítilla stúlkna í finum kjólum og lakkskóm og með kórónur úr englahári. Dóttir mín neitaði að taka þátt nema ég kæmi með – og þess vegna bættist *kýr* í þessa skrúðgöngu yndislegra lítilla engla.

Gabríel leiddi okkur að altarinu þar sem við mynduðum boga í kringum helgileikinn. Einhvern veginn lenti ég beint fyrir aftan jötu Jesúbarnsins og varð þar með í reynd miðsviðs í þessum helgileik.

Við vorum hálfnuð með fyrsta sönginn þegar mér varð ljóst hvað ég hlaut að líta fáránlega út: Ég gnæfði yfir litlu englana þar sem ég stóð í miðri röðinni, klædd sem kýr. Mér varð líka ljóst að ég yrði á öllum myndunum sem foreldrar-nir voru að taka af litlu engladætrunum sínum, risastór og vantaði ekkert nema baulið. Ég varð að bíta í kinnarnar til þess að fara ekki að hlæja.

Eftir að hafa verið alltof lengi innst í kirkjunni leiddi ég dóttur mína aftur til baka.

Ljósín voru deyfð, það kviknaði á rafmagnskertunum.

Úr orgelinu komu fyrstu tónarnir í „Heims um ból“.

Dóttir mín stóð uppi á kirkjubekknunum með batterískerti, mildur ljósbaugur lék um ljóst hárið á henni. Tilfinningar hlóðust upp aftan við augun í mér.

Ég fann fyrir lotningu: *Vá, hér er dóttir mín, mín eigin dóttir!, í kirkjunni sem ég sótti í æsku, í guðsþjónustunni sem ég var vön að fara í með fjölskyldunni.*

En ég var líka leið: *Æ, hér er dóttir mín, mín eigin dóttir!, og við erum hérna einar.*

Ég leit í kringum mig og sá eiginmenn og eiginkonur, eiginkonur og eiginkonur, eiginmenn og eiginmenn, feður og mæður, afa og ömmur, börn. Ég sá enga foreldra eins og mig, einstæða. Þetta stakk. Hönd mín fór ósjálfrátt upp að hjartanu. Svona yrði þetta, sá ég nú: Dóttir mín og ég, „hvor gjörvallur heimur hinnar“ eins og Cormac McCarthy orðaði það.¹⁷ Bara við.

Fyrir fáeinum mínútum var ég uppi við altarið og reyndi að halda niðri í mér hlátrinum. Nú óttaðist ég að bresta í grát. En þá þrýsti dóttir mín hönd mína.

„Mamma,“ hvíslaði hún spennt. „Hlustaðu!“

Úr öllum áttum – um öll hvolf, alltumlykjandi – hljómuðu sleðabjöllur.

*

Eftir deildarfundinn fékk ég tölvuskeyti frá forseta menntavísindasviðs þar sem ég var kölluð á fund. Ég fékk svipað skeyti frá prófessornum sem hafði yfirumsjón með námskeiðinu um eigindlegu rannsóknaraðferðirnar sem ég beitti á nám og kennslu í Flatirons-kirkjunni. Ég fékk líka *við-þurfum-að-tala-saman* skilaboð frá doktorsleiðbeinandanum mínum.

Sviðsforsetinn var indæl hvít kona sem stakk hvorki meira né minna en þremur ljóðum í hvert sinna vikulegu skeyta til sviðsins. Rannsóknir hennar beindust að því hvernig best mætti mennta kennara til að sinna viðsjárverðum nemendum í bláfátækum hverfum. Hún var góð. Hún lét gott af sér leiða. Hún var vel meinandi.

¹⁷ Cormac McCarthy, *The Road*, New York: Vintage, 2006, bls. 6. Orðalagið vísar í þýðingu Rúnars Helga Vignissonar, *Vegurinn*, Reykjavík: Bjartur, 2010, bls. 9. Þar er þetta þó í karlkyni.

Prófessorinn sem hafði umsjón með námskeiðinu um eigindlegar rannsóknar- aðferðir var ung indversk kona – klár, glæsileg, orkumikil, ástríðufull. Hún hafði hvatt mig til þess að ráðast í einstaklingsverkefni. Okkur kom vel saman.

Leiðbeinandinn minn í doktorsnáminu var hvítur karlmaður sem var að því kominn að hætta störfum. Hann hafði helgað nánast allan sinn feril rannsóknum á hlutverki tilfinninga á borð við ást, umhyggju, þrá og örvæntingu í námi og kennslu. Við vorum andleg skyldmenn: Við gátum (sem við og gerðum) talað saman í klukkutíma í síma um hina stórkostlegu skáldsögu Marilynne Robinson, *Gilead*, eins konar ástarbréf skrifað af aldurhningnum og dauðvona presti til ungs sonar sem honum myndi ekki endast ævin til að sjá vaxa úr grasi. Dan var eina manneskjan í háskólanum sem ég gat rætt við í trúnaði og spurt spurninga: Af hverju leggur fólkíð hérna svona mikla áherslu á merkimiða? Af hverju segja aðrir doktorsnemar í tímum hluti eins og „við þurfum fleiri svarta skrokka í skólastofurnar“? Er það ekki lítilsvirðandi? Af hverju finnst mér háskólinn – og kennslufræðanámíð, hvorki meira né minna – miklu meira þrúgandi en Flatirons-söfnuðurinn?

Dan íhugaði fyrirspurnir mínar vel og vandlega. Svo spurði hann mig mildilegra spurninga til að hjálpa mér að sjá í gegnum fordóma mína. Flatirons markaðssetti sig sem galopna kirkju – hvers vegna var þá svona fátt fólk af öðrum lit- arhætti í söfnuðinum? Af hverju voru engir kvenprestar? Af hverju var tvítugum stelpum kennt að líta svo á að þær væru undirskipaðar körlunum í lífi sínu? Hvað með afstöðu kirkjunnar til hjónavígslu samkynhneigðra? Vopnaburðar? Aðgengi að þungunarrofi? Kvára? Hver voru *í raun* velkomin þangað og hvað var þeim í raun og veru kennt?

Þetta voru góðar og gildar spurningar. Ég settist yfir þær, krufði þær. En ég fann samt ekki réttlætingu á að menntavísindadeildin úthýsti heilum hóp stúdenta.

Dag einn, ekki löngu eftir deildarfundinn, mætti ég á skrifstofu Dans og brast í grát. Einhvers staðar innra með mér sprakk leiðsla og misserisskammtur af vonbrigðum gusaðist út um augun á mér.

„Komdu,“ sagði hann. „Fáum okkur göngutúr.“

Næstu tvo tímuna þræddum við gangstéttirnar á þessu fallega háskólasvæði, umkringdu iðjagrænu grasi, leirgulum byggingum og heiðbláum himni. Við þöggðum mestanpart. Öðru hverju brutust fleiri tár fram og þá fann hann stað þar sem við gátum staldrað við – á brú yfir hjalandi læk, við hliðina á fótbolta- leikvanginum, fyrir aftan vísundalagaða sundlaugina.

Þegar deildarfundurinn fór fram var ég að verða þrítug. Fram að því hafði ég alltaf verið fyrirmyndarnemandi. Kennararnir héldu upp á mig. Ég lifnaði við í

skólanum, mér þótti gaman að læra og seinna meir átti mér líka eftir að finnast gaman að kenna. En ég hafði aldrei verið neins staðar þar sem jafn litla trú var að finna – á mér, á grunnnemunum sem tengdu óvart við kristni. Á það að ungt fólk geti umbreytt, á að hægt sé að bylta hugsunarhætti þess.

Þar sem ekki er rúm fyrir efa eða ágreining, þar er ekkert rúm fyrir raunverulega menntun. Flatírons-kirkjan bjó til rúm fyrir efa og ágreining, ekki háskólinn minn. Sömu fræðimenn og hæddust opinskátt að meintri bókstafstrú predikaranna voru sjálfir bókstafstrúar með öðrum formerkjum: Fylgdu út í æsar þröngri, bókstaflegri túlkun á því hvernig nám og kennsla sem setti réttlæti á oddinn ætti að líta út. Ætli málið snúist ekki um væntingar þegar allt kemur til alls: Ég bjóst við að þetta kristna fólk væri svolítið galið – hefði rörsýn á biblíulegt forræði, væri í nánú persónulegu sambandi við Jesú og bænir. Ég bjóst aftur á móti við að háskólinn væri opinn fyrir hvers konar sjónarmiðum – heilum heimi. Þess í stað fann ég kreddufestu í báðar áttir.

Prestarnir í Flatírons-kirkjunni vísuðu oft til dæmisögunnar um týnda sauðinn: „Hvað virðist yður? Ef einhver á hundrað sauði og einn þeirra villist frá, skilur hann ekki þá níutíu og níu eftir í fjallinu og fer að leita þess sem villtur er?“ (Matteus 18:12). Við erum sauðirnir, Jesús er hirðirinn. Hver einasti sauður skiptir máli – meira að segja þeir sem villast frá, þeir uppreisnargjörnu, þeir sem efast, þeir syndugu. Jesús „skilur níutíu og níu eftir“ til að leita að þessum eina.

Ég spyr mig enn: Hvað ef þetta ætti við um menntun? Hvað ef við skildum ekki þau sem eru með aðrar skoðanir eftir í fjallinu heldur byðum þeim í söfnuðinn? Hvað ef við leyfðum þeim að uppgötva sannleika, í fleirtölu, á sínum eigin forsendum og þegar þeim hentaði?

Ég býst við að það sé ekki lengur mitt að svara þessum spurningum. Í lok skólaársins kvaddi ég Dan og hætti námi.

*

Þegar ég var á þrítugsaldri hætti mér til að laða að mér unga menn sem fannst þeir sviknir, illa leiknir eða blekktir af kirkjunni á æskuárum. Flestir þeirra ólust upp í kaþólskum fjölskyldum, gengu í drengjaskóla á vegum kirkjunnar og voru að kikna undan þunga syndarinnar – þessari sem erfist og þeirri áunnu. Ég hef oft velt fyrir mér hvað þeir sáu í mér, eða kannski öllu heldur, hvað ég sá í þeim. Hvaða hjartasár og furður drógu okkur hvert að öðru?

Minn fyrrverandi var öðruvísi. Hann hafði aldrei trúað á neitt. Þegar hann mátti velja á milli sunnudagaskólans og teiknimynda valdi hann það sem lá bein-

ast við. Allir sem hitta hann sjá að hann hefur gott hjartalag, en hann ber ekki með sér að vera trúaður eða tengja við öfl sem eru honum æðri. Hann er ekki trúaður.

Kvöldið sem við kynntumst fór ég heim í eldhús hjá frænku minni í Kópavogi og meðan ég beidd eftir því að vatnið í krananum kólnaði, tók ég eftir því að ég var með lag á heilanum. Það var úr bíómynd sem ég hafði horft á með æskuvinkonu minni.

„Í dag kynntist ég stráknunum sem ég ætla að giftast,“ segir í viðlaginu.

Ég litadist um í mannlausu eldhúsinu, hálfskömmustuleg, eins og einhver gæti tekið röntgenmynd af huga mínum. *Giftast? Í alvöru? Ég er búin að þekkja hann í fjóra klukkutíma!*

Ég fann líka undarlegan frið. Ég vissi – bara sisvona – að þessi orð voru sönn. *Í dag kynntist ég stráknunum sem ég ætla að giftast.* Og það gerði ég.

En jafnvel þótt það virtist frá fyrsta degi gefið mál að ég myndi giftast honum, átti ég í erfiðleikum með að sjá fyrir mér framtíð okkar saman, að *sjá* hana í raun og veru. Ég gat ímyndað mér hvernig næstu vikur kynnu að verða, en þegar ég reyndi að sjá lengra fram í tímann sló huganum út. Það komu truflanir í útsendinguna.

Ég gat til dæmis ekki séð fyrir mér að kaupa með honum hús eða að verða gráhærð með honum eða fara í gegnum það sem erfiðara var – veikindi, fósturmissi, gjaldþrot, andlát – með honum. Þegar það rann upp fyrir mér að foreldrar mínir myndu deyja einn daginn og að þá ætti ég engan annan að en hann, fannst mér ég vera að drukkna.

Samband er ekki ósvipað trú: Það krefst þess að maður gangist við efasemdlum sínum, ótta og andúð á óvissu – og bægi því svo frá sér. Ef heimurinn er „fallegt ástarbréf frá Guði til okkar, fallett ástarævintýri milli okkar og Hans,“ eins og eitt ungmennið sem ég tók viðtal við í Flatirons-kirkjunni orðaði það, þá er hjónabandið kannski smámynd af því. Fallegt ástarbréf sem tvær ófullkomnar manneskjur skrifa hvor til annarrar, fallett ástarævintýri milli tveggja manneskja sem kjósa að trúa á það. Einhvers staðar á leiðinni, sennilega mun fyrr en ég er tilbúin að viðurkenna, gekk ég af trúnni.

En samt trúði ég því að ég gæti bætt mig. Gerði ég það ekki? Ég vildi að minnsta kosti trúa því að þetta gæti orðið betra. Eða þurfti að trúa því. Nema ég hafi viljað trúa því að ég tryði því að það gæti orðið betra.

Ég fékk hann til að fara með mér til *sálfræðings*, sálar-sérfræðings, í hjónaráðgjöf. Ég las í bókum um spurningar sem við ættum að spyrja hvort annað, deit sem við ættum að fara á, atriði sem við ættum að tileinka okkur í hversdeginum.

„Í þessari bók segir að maður megi ekki rugla saman erjum við herbergisfélagi og erjum í sambandi,“ sagði ég. „Í þessari bók segir að við ættum að taka frá tíma í hverri viku til að tala um það sem okkur liggur á hjarta.“ „Í þessari bók segir að við ættum að þykjast vera ennþá í tilhugalfínu.“

Ég stakk upp á því að við færum öll saman í kirkju. Ég stakk upp á því að við spáðum í að flytja eitthvert, byrja upp á nýtt. Ég skrifaði honum bréf sem hann hefur enn ekki lesið. Nýlega sagði hann við mig, á einum af þessum fáu stundum sem við töludum saman á opinskáan og ærlegan hátt: „Málið með þig er að þú reynir of mikið. Það skiptir þig allt svo miklu máli.“

Nokkrum mánuðum eftir að hann flutti út fór ég að mæta á 12 spora fundi fyrir fjölskyldumeðlimi núverandi eða fyrrverandi fikla. Ég hélt kannski að ef ég kæmist að því hvaða áhrif fíkn bróður míns hefði haft á mig, gæti ég komist að því af hverju ég endaði hvað eftir annað með mönnum sem minntu mig á hann.

Í klukkutíma á hverju mánudagskvöldi sit ég með nokkrum öðrum – næstum alltaf konum – sem hafa orðið fyrir barðinu á alkóhólisma einhvers og fíkn. Smátt og smátt – skref fyrir skref – læri ég að tileinka mér auðmýkt, átta mig á takmörkunum mínum, sleppa tökunum. Ég er að læra upp á nýtt að treysta og trúá. Að halda í trúna.

*

Nokkrum mánuðum eftir að minn fyrrverandi flutti út dró til tíðinda: Ég hitti strák. Uppalinn í Bandaríkjunum eins og ég. Einstæður faðir kóvid-barns eins og ég. Með áhuga á bókum og körfubolta eins og ég.

Hann fræðir mig um *Hringadróttinsögu* og vinnur mig í Skraflí. Hann lætur mig hlæja svo innilega að mig verkjar í andlitíð. Hann eldar kvöldmat handa mér, færir mér teppi þegar mér er kalt og vakir hálfu nóttina til að tala við mig. Hann leyfir mér að lesa bréf frá 90 og eitthvað ára gamalli ömmu hans, sem hefur verið gift presti alla ævi. Hann segist alltaf ætla að segja mér sannleikann. Hann segist trúá á mig.

Í lok esseyjunnar sem ég held mest upp á segir Brian Doyle:

Maður getur brynjað hjarta sitt svo það verði eins þétt og hart og kalt og óaðgengilegt og mögulegt er en brynjan brestur undir eins og kona lítur á mann í annað sinn, barn dregur andann, gler brotnar á götunni, þegar maður heyrir orðin *ég þarf að segja þér svoltið*, þegar köttur með brotinn hrygg dragnast inn í skóginn til að deyja, þegar mamma rennir sinni næfurþunnu gömlu hendi yfir hárlubbann á manni, þegar maður

minnist þess hvernig rödd þabba endurómar úr eldhúsinu árla dags þar sem hann stendur og bakar pönnukökur ofan í krakkana sína.¹⁸

Strákurinn sem ég hitti reif niður virkið sem ég hafði verið mestallt hjónabandið og skilnaðarferlið að reisa í kringum hjartað í mér. Ég er enn steinhissa, gapandi, yfir því að hjartað skyldi opnast svona auðveldlega á ný – að ég skyldi standa nakin, hringlaus, á sviði lífs sem er allt öðruvísi en ég hafði ímyndað mér, og byrja upp á nýtt.

Og þegar ég segi að ég vilji *rækta í dóttur minni hæfileikann til að trúa* er ég ekki bara að tala um guðstrú. Ég vil að hún trúi á sjálfa sig, trúi á hið góða, trúi því að fólk geti reynt og mistekist og bætt fyrir það. Ég vil að hún trúi því að ástin sé áhættunnar virði – og ekki bara einu sinni.

*

Á hurðinni að borðstofu foreldra minna hangir ljóð sem þrykkt hefur verið á striga. Þegar ég var lítil sat ég í kjöltunni á þabba og hlustaði á hann útskýra það fyrir mér línu fyrir línu. Löngu síðar, þá komin í meistaranám í ritlist, ákvað ég að læra það utan bókar í tengslum við verkefni sem ég var að vinna að.

Undanfarið hef ég hugsað heilmikið um þessar hendingar:

Ef eignum þínum hent fær hugans kraftur
og hætt á það að missa vinninginn,
og þótt þú tapir, byrjað öruggt aftur
og aldrei minnst á tjón þitt nokkurt sinn.¹⁹

Til að geta gert þetta – lagt mikið undir, tapað miklu, byrjað upp á nýtt með opinn huga – „[...] og horft á lífs þíns höll í rúst við veginn / og hugsað enn um bygging við þá sjón“²⁰ – þarf að hafa trú. Ástin felur alltaf í sér stökk.

Lítill og skjálfaði partur af mér vill helst reisa óvinnandi vígi umhverfis hjarta dóttur minnar, til að koma í veg fyrir að hún kenni til. Það verða díki! Það

¹⁸ Brian Doyle, „Joyas Voladores“, *The American Scholar*, 12. júní 2012, sótt 20. janúar 2024 af <https://theamericanscholar.org/joyas-voladores/>

¹⁹ Rudyard Kipling, „If“, *Poets.org*, sótt 15. desember 2023 af <https://poets.org/poem/if>. Rudyard Kipling, „Ef“, Þýðandi Jakob Jóh. Smári, *Eimreiðin* 29: 5.–6. hefti/1928, bls. 351, sótt 27. nóvember 2024 af <https://timarit.is/page/4819928#page/n93/mode/2up>. Þýðandi lagaði að nútímastafsetningu.

²⁰ Rudyard Kipling, „Ef“, bls. 351.

verða varðdrekar! Það verða gaddavírsgirðingar! Því hvað ef hún tekur stökkið og það mistekst? Og hvernig í ósköpunum á ég að geta horft á hana falla?

En stærri, ódauðlegri og græskulausari partur vill halda hjarta hennar mjúku, svampkenndu, gljúpu – til að hún geti hleypt hinu og þessu inn og út, til að hún geti leyft sér að finna til.

Hún var tekin með bráðakeisara eftir sautján tíma hríðir þar sem ég mátti ekki hreyfa mig. Það var einungis í einni stellingu – þegar ég lá á vinstri hliðinni með bogin hné í sjúkrarúminu – sem púlsinn snarlækkaði ekki hjá henni og því lá ég í sautján tíma grafkyrr og beið, stundum emjandi.

Ég hef oft heyrt að maður gleymi sársauka fæðingarinnar, kannski einhver líffræðileg þróun til að tryggja áframhaldandi viðkomu. Ef við gætum komist hjá þeim ægilega sársauka sem fylgir því að koma barni í heiminn, þá myndum við gera allt sem í okkar valdi stæði til að þurfa ekki að finna fyrir slíkum sársauka aftur.

En svo virðist sem þetta sé ekki alveg rétt. Konur *muna* eftir þeim ofboðslega sársauka sem fylgir hríðunum, en þær muna líka eftir öðru. Einhverju æðra. Sálfræðingar kalla það ljómaáhrif: flóð jákvæðra tilfinninga (og hormóna á borð við oxýtósín) í kjölfar fæðingar varpi ljóma á sársaukann og taki úr honum bitíð.²¹ Eða á máli Biblíunnar: „Þegar konan fæðir er hún í nauð því stund hennar er komin. Þegar hún hefur alið barnið minnst hún ekki frammar þrauta sinna af fögnuði yfir því að maður er í heiminn borinn“ (Jóhannes 16:22).

Ég man einmitt bara óljóst eftir fæðingarhríðunum og sársaukanum sem þeim fylgdi. Aftur á móti man ég vel eftir sársaukanum sem fylgdi ástarsorginni. Rétt eins og ég man eftir því í smáatriðum, sem ásækja mig suma daga, hvernig var að fá heilablóðfall, þekki ég vel þá tilfinningu sem fylgir ástarsorg: holrúmið í maganum, andþyngslin, hugarvílið, heilapökuna, svefnleysið, eirðarleysið, leiðann, örmögnun í merg og bein.

En samt er ég hér, legg allt undir einu sinni enn, og hætti á að missa vinninginn. Vegna þess að ég held að þessi strákur sé þess virði. Ég finn hvernig togað er í hjartað.

*

Sannleikur er íslenska orðið yfir það sem satt reynist. Forskeytið *sann-*, komið af orðum á borð við *sannur* og *sanna*, merkir að eitthvað sé satt, ósvikið, raunverulegt.

²¹ Sjá til dæmis Adrienne Bennett, „The Birth of a First Child. Do Women’s Reports Change Over Time?“, *Birth* 3/1985, bls. 153–158.

Leikur er nafnorðið sem haft er um að *leika* sér.

Það sem sannast reynist er því í raun „sann-leikur“.

Enska orðið fyrir leik, „game“, er komið af germanska/norræna orðinu *gaman*, sem í nútímaíslensku merkir að eitthvað sé „skemmtilegt“ eða „fyndið“. Ég velti fyrir mér hvað þar sé gefið til kynna, sér í lagi þar sem sannleikurinn er ekki alltaf skemmtilegur eða fyndinn. Stundum er hann hvass sem egg.

Þessi orðsifjatengsl milli hins sanna og leiks minna mig á orðið *trúarbrögð* sem eru í bókstaflegum skilningi „brellur trúarinnar“. Ég velti þessum orðum fyrir mér í leit að dulinni merkingu. Sannleikurinn er leikur. Trúin beitir brögðum eða er öllu heldur afrakstur bragða sem sannleikurinn beitir. En kannski felur trúhneigð í sér leik að manns eigin hyggjuviti, hinum veraldlega skilningi manns á því hvað sé satt og rétt. „Fólk sem trúir á guð eða eitthvað annað lýgur að sjálfu sér,“ sagði bróðir minn einu sinni við mig. „Þau beita sjálf sig brögðum. Það get ég ekki gert.“

Við dóttir mín förum í alls kyns leiki. Hún er stjórnsöm og hefur mikið keppnisskap – lundarfar sem bróðir minn myndi örugglega segja að væri frá mér komið – og ég leyfi henni yfirleitt að ráðskast með mig, segja mér fyrir verkum. Hún er svo klár að hún reynir stundum að beita brögðum. Hún felur skóna mína, hún felur prinsessukórónuna mína, hún felur sjálfa sig og skipar mér að leita að sér. Hún flissar meðan á þessu stendur.

Fjórði afmælisdagurinn hennar var fyrr í þessum mánuði. Að kröfu hennar hélt ég litla veislu fyrir nokkra ættingja og vini. Þegar veislan var búin bað hún mig að henda ekki blöðrunum og því voru þær úti um allt gólf næstu vikuna og smám saman lak loftið úr þeim. Þá minnstu kallaði hún „barnið“ sitt. Hún talaði við það, gaf því að borða, fór með það í göngutúra um íbúðina í brúðuvagni, svæfði það.

„Heitir barnið þitt eitthvað?“ spurði ég.

Hún lagði fingur á hökuna og horfði ihugul upp í loftið. Svo hoppaði hún af kæti. „Ég veit! Hann á að heita Jesúbarn!“

Ég hló. Mátti ég hlæja? „Hm, jáá, allt í fina! Jesúbarn skal hann heita.“

Hún sýndi blöðrunni umhyggju, fylgdist daglega með loftinu sem fór úr henni. En einn morguninn kom hún til mín í öngum sínum. „*Mamma*, ég finn ekki Jesú!“ sagði hún með stút á munninum. „Jesúbarnið er týnt.“

Í fyrstu hélt ég að þetta væri enn einn leikurinn. En hún fullvissaði mig um að hún væri að segja sannleikann og því snerum við öllu á hvolf í íbúðinni í leit að Jesú. Dóttir mín fór nokkrum sinnum fram á það að leita og það kveikti grunsemdir hjá mér. Loks kallaði hún á mig.

„*Mamma*, ég held að Jesúbarnið sé í koppnum.“

„Í koppnum?“ sagði ég svolítið áhyggjufull og lyfti klósettsetunni, óttaðist neyðarástand sem ég vissi ekki hvernig ég ætti að fást við. „Heyrðu, faldirðu blöðruna í klósettinu, ástin mín?“

„Hann heitir Jesúbarn!“

„Faldirðu Jesúbarnið í klósettinu?“

Hún hugsaði sig um andartak. „Nei, mamma. Hann stökk ofan í það.“

*

Á sunnudögum „fer ég“ stundum í YouTube-messu í Flatirons-kirkjunni. Á erfiðum dögum á ég til að spila trúarsöngva á Spotify. Þegar ég fer fótgangandi á Al-Anon-fundi á mánudagskvöldum rifja ég upp að mér er ætlað að fela mig æðra valdi og því fer ég með bæn fyrir munni mér.

Ég trúí ekki öllu sem prestar eða bænasöngvar eða Al-Anon-bækur segja. Ég tek ekki öllu sem þar er sagt sem heilögum sannleika. Ég tek ekki einu sinni guðspjöllunum sem heilögum sannleika.

En í þeim finn ég ávæning af sannleika, ýmsar bragðtegundir af sannleika, sannleikans brellur sem auðga líf mitt. Ég finn hugmyndir og tillögur og möguleika sem færa mér hugarró og styrk og leiðbeiningar um hvernig maður geti orðið góð manneskja.

Ég finn þetta líka þegar Krishna Das sönglar „Babu Hanuman“ og þegar múslímar kalla til bæna í Ístanbúl og þegar prestur leggur hendur yfir dóttur mína við altarisgöngu. Ég finn þetta þegar jógakennari syngur „Om“ í lok tíma og þegar regnbogi myndast yfir litla kirkjugarðinum á suðurströnd Íslands þar sem amma mín hvílir. Ég finn þetta í sumum ljóðanna sem sviðsforsetinn í gamla háskólanum mínum var vön að hafa með í vikulegu póstinum sínum, sem ég hélt áfram að lesa eftir að ég hætti í náminu – þangað til sviðsforsetinn sendi póst um að prófessorinn á deildarfundinum forðum hefði fengið æviráðningu.

Einn af uppáhaldshöfundunum mínum er skáldsagna- og sannsagnahöfundurinn Dani Shapiro sem ólst upp hjá föður sem var strangtrúaður gyðingur og trúlausri móður. Hún skrifaði endurminningabókina *Devotion (Helgun)*,²² þar sem hún á miðjum aldri leitar að merkingu. Um titilinn á hún að hafa sagt: „Ég helga mig eiginmanni mínum og syni. Ég helga mig þeim athöfnum og helgisíðum sem ljá lífi okkar tilfinningu fyrir merkingu og tilgangi, sem hjálpa mér að

²² Dani Shapiro, *Devotion. A Memoir*, New York: Harper Perennial, 2011.

lífa lífinu á sem ríkulegastan hátt tilfinningalega og vitsmunalega. Ég helga mig sjálfri hugmyndinni um helgun.²³

Því meira sem ég hugsa um það, þeim mun meira langar mig að trúa á sjálfa hugmyndina um trú. Ég vil líka að dóttir mín trúi á hugmyndina – möguleikann, boðið – um sjálfa trúna.

Þegar upp er staðið „tilbiðja allir,“ segir David Foster Wallace.²⁴ Það sem gerir útslagið í lífinu er hvað maður kys að tilbiðja, helga sig, trúa á. Bróðir minn, sem er tónlistarmaður, „getur bara ekki“ trúað á guð, en einu sinni samdi hann lofsöngva til vímuefna. Kollegar mínir í Menntavísindadeildinni gerðu sjálfsmyndarstjórn málin að bókstafstrú. Bandarískir samtíðarmenn mínir helga sig kapalsjónvarpsfréttum margir hverjir.

Ég vona að dóttir mín fái að finna bragð af trú, sjái með eigin augum hvaða brögð hún hefur uppi í erminni. Ég vona að hún haldi áfram að spila sannleikinn, sjái hvernig þar er farið í feluleik og laumast undir sófa og ofan í klósett. Ég vona að hún taki áhættu og taki stökk. Ég vona að hún hafi hugrekki til að láta sig hluti varða, jafnvel fullmikið.

Umfram allt vona ég að hún haldi hjarta sínu teygjanlegu. Til að hún finni þetta tog.

Rámar Helgi Vignisson þýddi úr frummáli (ensku)

²³ „Dani Shapiro Quotes“, *QuoteTab.com*, sótt 31. janúar 2024 af <https://www.quotetab.com/quotes/by-dani-shapiro>

²⁴ David Foster Wallace, *This Is Water. Some Thoughts, Delivered on a Significant Occasion, about Living a Compassionate Life*, New York: Little, Brown and Company, 2009, bls. 100.

